



Fundargerð

**Stjórn VJP - 113. fundur stjórnar VJP haldinn á Klapparstíg 25-27,
22. janúar 2018, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ármann Höskuldsson formaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Ruth Magnúsdóttir, ritari stjórnar.

Formaður óskaði eftir breytingu á hefðbundnu fundarlagi að ekki yrði farið yfir fundargerðir svæðisráða á þessum fundi, heldur frestað til næsta fundar. Stjórn samþykkir þessa breytingu á fundarlagi.

1. Fjárhagsáætlun 2017 - 1801002

Fyrir fundinum liggja gögn um fjárhag og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs. Ljóst er að við blasir töluverð framúrkeyrsla sem ekki hefur komið inn á borð stjórnar eða verið tilkynnt um. Einnig liggur fyrir fundinum bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 19.janúar 2018 þar sem fram kemur að ráðuneytið hafi ákveðið að láta gera sjálfstæða úttekt á rekstri þjóðgarðsins í kjölfar þessarar stöðu.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir stöðu uppgjörs fjárhagsársins 2017.

Formaður lagði fram eftirfarandi bókun.

Stjórn harmar að framkvæmdarstjóri skyldi ekki hafa sinnt upplýsingarskyldu sinni um umframkeyrslu á fjárhagsáætlun 2017, hvorki til stjórnar né ráðuneytis.

Stjórn ítrekar skyldur framkvæmdarstjóra þess efnis að öll frávik frá fjárhagsáætlun skuli tilkynnt til stjórnar tafarlaust.

Stjórnarmenn samþykkja framlagða bókun.

Málinu frestað til næsta fundar stjórnar 30.janúar.

2. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Sjá meðf. fundargögn er varða rekstraráætlun 2018

Fyrir liggur að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 þarf að skila til ráðuneytis á næstu dögum. Stjórn felur formanni stjórnar að leita eftir fresti til ráðuneytis vegna skila á fjárhagsáætlun þjóðgarðsins til 7.febrúar 2018.

Stjórn ákveður að hagræðingaraðgerðum verði beint á rekstur miðlægrar skrifstofu

fremur en starfsemi þjóðgarðsins á svæðunum.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna drög að rekstraráætlun fyrir næsta fund með eftirfarandi áhersluatriðum:

(1) Viðhalda kjarnastarfsemi við landvörslu/náttúruvernd og gestastofur úti á svæðunum með áþekkingu hætti og síðustu ár.

(2) Áætlunin geri ráð fyrir því að skrifstofuhúsnæði þjóðgarðsins í Reykjavík verði sagt upp strax fyrir mánaðarmót og leitað hagkvæmari leiða í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneyti og/eða aðrar stofnanir ráðuneytisins.

(3) Dregið verði úr aðkeyptri þjónustu og endurskoðað starfsmannahald miðlægu skrifstofu.

(4) Sérstaklega verði hugað að því að framkvæmdir innan þjóðgarðsins á árinu 2018 verði innan ramma.

Málinu frestað til næsta fundar, þriðjudaginn 30.janúar 2018.

3. Fjárhagsáætlun næstu þriggja ára 2019-2021 - 1801004

Formaður stjórnar gerði grein fyrir vinnu við þriggja ára áætlun.

Málinu er frestað til næsta stjórnarfundar 30.janúar 2018.

Fundi slitið kl. 16:45.
